

11. Fundur stjórnar – 18. desember 2023

Haldinn á í fjarfundi kl. 20.00

Fundinn sátu: Dóra Magnúsdóttir (DM), Guðný Margrét Emilsdóttir (GME), Hallfríður Þórarinsdóttir (varam. HP), Halldór Kolbeins, Jóhanna Magnúsdóttir (varam. JM), Jóna Fanney Friðriksdóttir (form. JFF) og Snorri Steinn Sigurðsson (varform. SSS).

1. Siðareglur Leiðsagnar

Formaður lagði fram siðareglur sem voru fyrst kynntar stjórnarfólki í vor. Ekki urðu umræður um þær. HP mótmælti því að liður fjögur á dagskrá fundarins væri ekki fyrstur á dagskrá.

Afgreiðsla: Starfs- og siðarreglur Leiðsagnar samþykktar.

Siðarreglurnar má sjá í viðhengi aftast í þessari fundargerð.

2. Starfsmannamál

30 umsóknir bárust um starf kjarafulltrúa. Formaður fór yfir umsóknarferlið í stuttu máli og lagði til að Guðmundur Ásgeirsson lögfræðingur yrði ráðinn í starf kjarafulltrúa á skrifstofu Leiðsagnar. Tók hún fram að öllum í stjórn hafi verið boðin þátttaka í umsóknarferlinu.

Afgreiðsla: Stjórn samþykkir að ráða Guðmund Ásgeirsson, lögfræðing í starf kjarafulltrúa frá og með 1. Janúar 2024 með þremur atkvæðum. Tveir sátu hjá.

Varamaður í stjórn Jóhanna Magnúsdóttir lagði fram eftirfarandi bókun undir þessum lið:

Gera verður umsækjendum um starf hjá Leiðsögn ljóst að meirihluti kjörinna stjórnarmanna í aðal- og varastjórn hafa krafist afsagnar formanns sem og meirihluti félagsmanna á félagsfundum 6. des. Af þessu leiðir að umboð núverandi formanns til að ráða starfsmenn fyrir félagið er alls ekki til staðar.

Flutningsmenn:

Halldór Kolbeins

Snorri Steinn Sigurðsson

Hallfríður Þórarinsdóttir

Jóhanna Magnúsdóttir

Sigurður Albert Ármannsson

Ritari (DM) lagði fram gagnbókun:

Við ítrekum að ekki er til neitt sem heitir aðalstjórn eða varastjórn innan félagsins. Sbr. lög félagsins starfar ein stjórn innan Leiðsagnar - félags leiðsögumanna. Í þeirri stjórn sitja 5 manns sem hafa atkvæðisrétt. Varamenn koma inn í stað aðalmanna í forföllum hinna síðarnefndu.

Dóra Magnúsdóttir

Guðný Margrét Emilsdóttir

Jóna Fanney Friðriksdóttir

3. Tilboð í rekstrarúttekt óháðs aðila á rekstrarhæfi félagssjóði, sbr. bókun stjórnar frá 30. október sl.

Tilboð í rekstrarúttekt bárust frá Pricewater House Cooper og KPMG. Stjórnarfolk óskaði eftir nánari upplýsingum um forsendur tilboðs og fleiri upplýsingum áður en hægt væri að samþykkja annað tilboðið.

Afgreiðsla: Þessum lið var frestað.

4. Félagsfundur 6. desember sl.

Formaður lét vita af því að samkvæmt samþykkt stjórnar (16. nóvember sl.) og trúnaðarráðs (6. nóvember sl.) hafði verið leitað til ASÍ með að tilnefna hlutlausan aðila sem kanna þyrfti þær ávirðingar sem á hana hafa verið bornar. ASÍ stakk upp á Unni Ástu Bergsteinsdóttur og hefur hún samþykkt að taka þessa úttekt að sér.

Formaður tjáði að hún myndi stíga til hliðar meðan sú úttekt færi fram.

Lagði hún í framhaldi eftirfarandi fram til bókunar:

Ég hef ákveðið að stíga til hliðar sem formaður Leiðsagnar á meðan fulltrúi tilnefndur af ASÍ, Unnur Ásta Bergsteinsdóttir lögmaður fer yfir þær ávirðingar sem ég hef verið sökuð um af minnihluta stjórnar.

Bið ég Snorra Stein Sigurðsson varaformann því hér með að taka við keflinu á meðan sú vinna hennar stendur yfir og þar til niðurstöður liggja fyrir.

Ljóst er hins vegar að sem réttkjörinn formaður Leiðsagnar get ég ekki vikið frá þeim skyldum sem ég ber vegna kjarasamningsviðræðna enda byggir handsal það sem gert hefur verið við VR á núverandi forystu Leiðsagnar. Til að mögulega megi bjarga þeirri veiku stöðu sem búið er að setja kjarasamningsviðræður í og með hag félagsmanna fyrst og fremst að leiðarljósi - vil ég hér með biðla til þeirra í stjórn sem hvað harðast hafa veist að mér, að íhuga hvort vilji sé til að ýta ósætti til hliðar um sinn og ganga fram sameinuð um þetta gríðarlega mikilvæga verkefni sem kjarasamningar eru.

Tíminn er naumur og óska ég þess að svar skriflegt svar liggi fyrir í fundarlok þessa stjórnarfundar.

Vék formaður, Jóna Fanney Friðriksdóttir af fundi eftir að hafa áréttað mikilvægi bandalagsins við VR.

Snorri Steinn, varaformaður tók því næst við formennsku og fundarstjórn.

SSS, HK, HP og JM töldu útilokað að bóka um ofangreinda bókun formanns með svo skömmum fyrirvara og að þau þyrftu tíma til að hugsa málið.

Rætt var um að hittast aftur á stjórnarfundum daginn eftir eða tveimur dögum síðar. DM og GME sögðust hvorugar geta mætt á fundi þá vikuna (fram að jólum) sökum anna og lagði SSS þá til að málið yrði klárað með tölvupósti.

Ritari benti áður á, í fundargerð á að samkvæmt samþykktum um fundarsköp og fundargerðir liður 6*. þurfa bókanir að berast í fundargerð sólarhring frá lokun fundar.

**Stjórnarmenn sem óska eftir bókun við einstaka dagskrárlíð á fundinum, en treysta sér ekki til að ganga frá bókun á staðnum, geta fengið frest í sólarhring frá undarlokum, til að ganga frá henni, sé þess óskað á stjórnarfundum.*

Með hliðsjón af þeirri staðreynd að engin bókun hefur borist tveimur og hálfum sólarhring eftir að 11. fundi lauk leit ritari svo á að 4. líð sé frestað og sendi fundargerði i tölvupósti.

Bókun barst tæpum þremur sólarhringum eftir að fundi lauk og samþykkir ritari að birta hana í fundargerð:

Reykjavík 20. desember 2023

Efni: Svar vegna bókunar formanns Leiðsagnar á stjórnarfundum 18. desember 2023

Aðstæður í félaginu hafa breyst frá því að samþykkt var á fundi trúnaðarráðs 6. nóvember sl. að kalla til lögmann til sáttaumleitana vegna ágreinings innan stjórnar.

Á félagsfundum 6. desember sl. lýsti mikill meirihluti fundarmanna stuðningi við kröfu um tafarlausa afsögn formanns, Jónu Fanneyjar Friðriksdóttur, en ekki að hún stigi til hliðar tímabundið, Mikilvægt er að þessi afsögn eigi sér stað nú þegar. Það að kalla til lögfræðing breytir ekki þeim trúnaðarþrengi sem leiddi til kröfu um tafarlausa afsögn núverandi formanns Leiðsagnar.

Eina færa leiðin til að búa til vinnufrið í stjórn félagsins, og þar með í félaginu, er að virða niðurstöðu félagsfundar. Í samræmi við samþykkt þessa félagsfundar verður boðað til aukaáðalfundar í janúar 2024 og í samræmi við samþykktir síðasta áðalfundar verður þar fjallað um lagabreytingar. Þar verður jafnframt fjallað um hvort skuli boðað til áðalfundar 2024 eins fljótt og unnt í ljósi núverandi stöðu.

Með afsögn formanns verður eindregnum vilja félagsfundar mætt en Jóna hefur hins vegar alla möguleika á að bjóða sig fram aftur til starfa fyrir félagið á næsta áðalfundi þess sem verður í síðasta lagi í maí n.k. og fá þannig óskorað umboð félagsmanna til forystu fyrir félagið.

Til að vinna af heilindum við gerð kjarasamnings og samstarfi við önnur félög er mikilvægt að fullkomin vinnufriður sé í stjórn félagsins. Slíkt samstarf snýst ekki um persónur heldur um hagsmuni félagsmanna og þá er einhuga starf innan stjórnar félagsins nauðsynlegt.

Við afsögn formanns fer úr embætti einstaklingur sem hefur fengið á sig einbeitta kröfu um afsögn og mikilvægum vinnufriði við undirbúning kjarasamninga og samstarf við önnur stéttarfélög komið á.

Formaður hefur nú gert sig ómissandi með uppsögn starfsmanns, haldið varaformanni fyrir utan flest mál, tekið að sér skrifstofustarfið í 75% starfshlutfalli tímabundið og er ein með prókúru og ýmis lykilorð til að sinna nauðsynlegum störfum fyrir Leiðsögn. Varaformaður hefur ekki verið ráðinn af stjórn félagsins til að sinna skrifstofustörfum en getur vissulega verkstýrt störfum skrifstofu ef hann fær verkfæri til þess. Varaformaður tekur hins vegar við forystu í félaginu samkvæmt félagslögum, fram að næsta áðalfundi. Það er hins vegar ábyrgðarlaust af formanni að ganga ekki alla leið með afsögn sína eða þá standa við ráðningu sína í 75% skrifstofustarfi.

Niðurstaða af ofangreindu er einföld ætli menn að láta hagsmuni Leiðsagnar vera í fyrirrúmi.

Virðingarfyllst

Stjórnarmenn í Leiðsögn Stéttarfélagi

Halldór Kolbeins

Snorri Steinn Sigurðsson

Hallfríður Þórarinsdóttir

Jóhanna Magnúsdóttir

Sigurður Albert Ármannson

Afgreiðsla: Málinu er lokið með bókunum formanns, sem steig til hliðar eftir að leggja fram sína bókun, sem og bókun fimm aðal- og varamanna í stjórn Leiðsagnar.

5. Fundur með fagraði, sbr. bókun stjórnar 5. okt. sl.

Afgreiðsla: Frestað

6. Kjarasamningsviðræður

Afgreiðsla: Frestað

7. Styrkur úr Endurmenntunarsjóði: Faghandbók Jakob S. Jónsson

Afgreiðsla: Frestað

8. Önnur mál.

Afgreiðsla: Frestað

Viðhengi sbr. liður 1. Í fundargerð: Starfs- og siðareglur stjórnar Leiðsagnar.

SAMÞYKKTAR Á FUNDI STJÓRNAR 18. DESEMBER, 2023.

EFNISYFIRLIT

- 1. MARKMIÐ STARFS- OG SIÐAREGLNA**
- 2. SAMSKIPTI - ORÐSPOR - ÍMYND**
- 3. RÉTTINDI OG SKYLDUR STJÓRNARMANNA**
- 4. TRÚNAÐUR, ÞAGNARSKYLDA OG PERSÓNUVERND**
- 5. GAGNSÆI**
- 6. HAGSMUNAÁREKSTRAR**
- 7. EFTIR AÐ STÖRFUM LÝKUR**
- 8. FUNDARSKÖP OG FUNDARGERÐIR (*samþykkt á stjórnarfundum 24. maí 2023*)**

1. MARKMIÐ STARFS- OG SIÐAREGLNA LEIÐSAGNAR

Starfs- og siðareglur þessar eru settar til að:

- Tryggja ábyrga og skilvirka stjórnunarhætti innan félagsins.
- Standa vörð um trúverðuleika félagsins
- Minna alla þá sem sinna trúnaðarstörfum fyrir félagið á að ábyrgð og skyldur kjörinna fulltrúa lýtur að félagsmönnum - fyrst og fremst
- Tryggja að ekki sé brotið á mannvirðingu kjörinna fulltrúa né annarra sem starfa fyrir Leiðsögn

Þau sem taka að sér trúnaðar- og ábyrgðarstörf fyrir félagið skuldbinda sig til að hlíta reglum þessum, á það við alla hvort sem þegin eru laun fyrir störf eða ekki.

Sömu aðilum ber siðferðileg skylda til að starfa ávallt með hag félagsins og félagsmanna að leiðarljósi.

Á fyrsta stjórnarfundu eftir aðalfund hvers árs skal stjórnarmönnum og öðrum er gegna trúnaðarstörfum fyrir félagið afhent eintak af starfsreglum stjórnar, lögum og reglugerðum félagsins sem í gildi eru á hverjum tíma sér til upplýsingar um starfshætti og ábyrgð.

Sú ábyrgðarskylda hvílir á þeim sem þekkja vel til starfsemi félagsins að leiðbeina nýkjörnum fulltrúum um hvaðeina er varðar innra skipulag starfsins.

2. SAMSKIPTI - ORÐSPOR - ÍMYND

Orðsporið og ímynd er verðmætasta eign félagsins. Ber kjörnum fulltrúum í stjórn, nefndum og ráðum að hafa orðspor Leiðsagnar ætíð í huga sem og hagsmuni félagsins að leiðarljósi í öllum störfum fyrir félagið, bæði í ræðu og riti.

Félag með gott orðspor laðar að nýja félagsmenn og er grundvöllur þess að leiðsögumenn geti treyst félaginu til að gæta hagsmuna sinna.

3. RÉTTINDI OG SKYLDUR STJÓRNARMANNA

Virðing fyrir samstarfsfólki, kurteisi og almennir mannasiðir, er sú stoð sem þátttaka í blómlegu félagsstarfi byggir á.

Fulltrúum í stjórn, nefndum og ráðum Leiðsagnar ber að hafa mannvirðingu að leiðarljósi í störfum sínum. Þau hafna hatursorðræðu, meiðandi og ósönnnum ummælum um samstarfsfólk sitt í ræðu og riti, hvort sem er í innra starfi eða á opinberum vettvangi.

Kynbundin og/eða persónulega meiðandi áreitni er ekki liðin í starfi Leiðsagnar. Sé brotið gegn þessu ákvæði skal virkja 11. gr. laga félagsins og hefur fundarstjóri heimild til að sjá til þess að hinn brotlegi yfirgefi tafarlaust fund eða aðstæður þar sem áreitni á sér stað.

Í lögum félagsins er kveðið nánar á um ábyrgð og skyldur kjörinna fulltrúa.

4. TRÚNAÐUR, ÞAGNARSKYLDA OG PERSÓNUVERND

Stjórnar- og starfsmenn eru bundnir þagnarskyldu um það sem þeir kunna að verða áskynja í starfi sínu og leynt á að fara samkvæmt lögum eða eðli máls. Þær umræður sem eiga sér stað á stjórnarfundum eða annars staðar sem skv. eðli máls eru bundnar trúnaði skulu ekki nýttar í eigin þágu eða óviðeigandi tilgangi.

5. EFTIR AÐ STÖRFUM LÝKUR

Þagnarskylda og trúnaðar helst áfram eftir að látið er af störfum.

Við starfslok er stjórnarfólki, starfsmönnum og nefndarmönnum skylt að láta af hendi öll gögn er trúnaðarstörf þeirra varða. Loka skal fyrir aðgang að öllum tækniþingum félagsins, þ.m.t. tölvupósti. Við starfslok skulu þeir sem gegnt hafa trúnaðarstörfum láta af hendi öll gögn er varða málefni félagsins.

6. GAGNSÆI

Stjórnarmenn, starfsmenn og aðrir þeir sem gegna trúnaðarstörfum fyrir félagið skuldbinda sig til þess að stuðla að gagnsæi með því að deila opinberum upplýsingum opinskátt og heiðarlega með félagsmönnum svo framarlega sem upplýsingarnar varða ekki trúnað eða þagnarskyldu þeirra.

7. HAGSMUNAÁREKSTRAR

Sú skylda er lögð á stjórnarmenn að þeir víki sæti við meðferð og afgreiðslu einstakra mála er varða eigin hagsmuni, s.s. málefni venslafólks eða annað það sem varðar aðra hagsmuni viðkomandi.

8. FUNDARSKÖP

Formaður félagsins stýrir fundum stjórnar og trúnaðarráðs. Formenn sjóða og fastanefnda stýra fundum sjóða/nefnda.

8.1. FUNDARGERÐIR

Fundargerðir skulu númeraðar og varðveittar í skjalakerfi félagsins í skýjalausnum.

Í fundargerðabók skal a.m.k. skrá eftirfarandi:

1. Hvar og hvenær fundur er haldinn.
2. Hverjir sitja fundinn, hver stýrir fundi og hver ritar fundargerð.
3. Dagskráratriði, stutta lýsingu á dagskrárliðum og gögnum fundarins.
4. Ákvarðanir sem teknar eru og atkvæðagreiðslur, ef til þeirra kemur.
5. Upphaf og lok fundartíma.
6. Fyrirspurnir stjórnarmanna um einstök mál og svör við þeim skal bóka í fundargerð.

Fundargerðir stjórnar, trúnaðarráðs og fastanefnda skulu aðgengilegar félagsfólki á heimasíðu félagsins.

8.2. FUNDARRITUN (*þegar samþykkt á stjórnarfundum þ. 24. maí 2023*)

1. Ritari stjórnar er ábyrgur fyrir að fundargerð sé skráð í samræmi við ákvarðanir fundar.
2. Fundarritari er jafnframt ábyrgur fyrir skjalavörslu fundargerðanna.
3. Tilgangur fundargerða er að skrá niður kjarnann í umfjöllun og ákvörðunum um dagskrárefni, aðallega þó skjalfesta hvaða ákvarðanir eru teknar, hvaða verkefnum er deilt út og hverjir eru ábyrgðaraðilar þeirra verkefna.
4. Leitast skal við að ljúka fundargerð í lok fundar og skal hún lesin upp og samþykkt formlega.
5. Náist ekki að ganga frá fundargerð í lok fundar skal hún send til stjórnarmanna innan sólarhrings og hafa stjórnarmenn þá tvo daga til að gera athugasemdir.
6. Stjórnarmenn sem óska eftir bókun við einstaka dagskrárlið á fundinum, en treysta sér ekki til að ganga frá bókun á staðnum, geta fengið frest í sólarhring frá fundarlokum, til að ganga frá henni, sé þess óskað á stjórnarfundum.